



GRÆNNI
BYGGÐ

GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND

Ársskýrsla 2018



Ávarp stjórnarformanns



Gyða Mjöll
Ingólfssdóttir,
stjórnarformaður

Árið 2018 var ár breytinga og framfara hjá Grænni byggð. Ber þar hæst nafnabreyting félagsins, en í upphafi árs hét félagið Vistbyggðarráð, en félagið skipti um nafn á vordögum og heitir nú Grænni byggð – Green Building Council Iceland. Í því samhengi var einnig unnið mikið og gott starf við að útbúa nýtt lógó og fékk félagið þannig nýja og ferska sjálfsmynd. Þá var mikið framfararskref stigið á síðari hluta ársins þegar Grænni byggð gekk inn í World Green Building Council (WGBC). Það tengslanet sem hefur nú verið myndað við alþjóðleg systursamtök, og þá einna helst evrópsk systursamtök, eru mikill styrkur fyrir félagið. Má þar helst nefna að innganga í WGBC styrkir faglegt starf félagsins og gefur félaginu aukið vægi þegar félagið vinnur að stefnumótun. Hvort sem er innan félagsins eða til að hafa áhrif út á við með grænni pólitík Grænni byggðar.

Faglegt starf var í blóma á árinu og ber þar helst að nefna Dag Grænni byggðar (Vistbyggðardagurinn) sem haldinn var í fyrsta skipti og mikil ánægja var með. Þá ber að nefna fjölda viðburða sem staðið var fyrir á árinu og aðilar félagsins auk annarra gesta voru duglegir að sækja, enda um fjölbreytta og áhugaverða viðburði að ræða.

Óhætt er að segja að framkvæmdastjóri félagsins hefur unnið mikið og ötult starf bæði hvað varðar opna fundi, en einnig í innra starfi sem kristallast í vinnustofu sem haldin var í september síðastliðin, með um 70 skráðum þátttakendum. Það sýnir að mikill áhugi er til staðar hvað varðar umhverfismál hjá því fólki sem starfar innan byggingariðnaðarins og metnaður er til að gera betur. Afurð vinnustofunnar er lokaskýrsla verkefnisins Umhverfissvæn bygging í íslensku samhengi, sem slær tóninn fyrir mun umfangsmeiri verkefni sem nú er unnið að með rausnarlegum styrk frá Mannvirkjastofnun.

Það hafa verið forréttindi að sitja sem stjórnarformaður Grænni byggðar, mikill byr er með félaginu, en sá byr er m.a. tilkominn vegna þess ötula starfs sem framkvæmdastjóri og stjórn félagsins hafa unnið í samstarfi við aðilana. Það eru spennandi tímar framundan og þó mikið starf sé óunnið erum við að feta rétta braut.

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir

Stjórn

Í stjórn Grænni byggðar eru 7 stjórnarmenn, 5 aðalmenn og tveir vara. Nýir stjórnarmenn voru kosnir á aðalfundi Grænni byggðar 26. apríl, en það voru þau: Bjarni Þór Þórólfsson, framkvæmdastjóri Búseta, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, umhverfisverkfræðingur hjá EFLU, Kristján Arinbjarnar, framkvæmdastjóri tækni og þjónustu hjá Íslenskum aðalverktökum. Olga Árnadóttir tók við af Erni Erlendssyni, sem hætti í stjórn vegna vinnuskipta. Olga Árnadóttir starfar sem verkefnastjóri umhverfismála hjá Framkvæmdasýslu Ríkisins. Fráfarandi í stjórn voru þau: Hrólfur Karl Cela, arkitekt, Basalt arkitektum. Elín Vignisdóttir, landfræðingur hjá Verkís, Eva Dís Þórðardóttir, skipulagsfræðingur hjá EFLU, og Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt hjá Teiknistöfunni Tröð. Þeim er öllum þakkað kærlega fyrir sitt framlag í þágu félagsins.

Kristjana Ósk Jónsdóttir, markaðsstjóri hjá Reitum fasteignafélagi og Ólafur H. Wallevik forstöðumaður Rb. hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands héldu áfram í stjórn.



Gyða Mjöll Ingólfssdóttir,
EFLA verkfræðistofa
(2018-2020)



Ólafur H. Wallevik,
Rannsóknarstofa
byggingariðnaðarins
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
(2017-2019)



Kristjana Ósk Jónsdóttir,
Reitir fasteignafélag
(2017-2019)



Bjarni Þór Þórólfsson,
Búseti
(2018-2020)



Ragnar Ómarsson,
Verkis verkfræðistofa
(2018-2020),



Kristján Arinbjarnar,
Íslenskir aðalverktakar
(2018-2020)



Olga Árnadóttir,
Framkvæmdasýsla Ríkisins
(2017-2019)

Aðilar

Grænni byggð þakkar aðilum sínum stuðninginn og samstarfið á árinu 2018:



Arkís arkitektar ehf, ASK arkitektar, Basalt Arkitektar, BYKO, Búseti, EFLA verkfræðistofa, Fasteignir Ríkissjóðs, Framkvæmdasýsla Ríkisins, HBH Byggir, Hornsteinar arkitektar, Háskólinn í Reykjavík, Íslenskir aðalverktar, IKEA, Landslag, Landsvirkjun, Lota verkfræðistofa, Mannvit verkfræðistofa, Mannvirkjastofnun, Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Orkuveita Reykjavíkur, Reitir fasteignafélag, Reykjavíkurborg, Ríkiskaup, Skipulagsstofnun, Steinull hf., T.ark arkitektar, Teiknistofan Tröð, THG arkitektar, Urriðaholt hf., VA arkitektar, Vegagerðin, Verkís verkfræðistofa, Vista verkfræðistofa, VSB verkfræðistofa og VSÓ Ráðgjöf.

Árið 2018 voru 36 aðilar að Grænni byggð, nýr aðili á árinu 2018 er Íbúðalánasjóður.

Aðilar í fyrsta flokki eru: Verkís verkfræðistofa, Reitir Fasteignafélag, Mannvirkjastofnun, Framkvæmdasýsla Ríkisins og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Aðilar í öðrum flokki eru: Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Fasteignir Ríkisins og EFLA verkfræðistofa.

Aðrir aðilar eru í þriðja flokki.

Rekstur

Starfsfólk

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn Grænni byggðar. Starfshlutfall hefur verið háð fjárhag félagsins og samkomulagi milli stjórnar og framkvæmdastjóra. Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir var ráðin til starfa sem framkvæmdastjóri í 50% starfshlutfall haustið 2016. Starfshlutfall framkvæmdastjóra var að jafnaði um 70% árið 2018, þar sem fjárhagslegt svigrúm var til þess vegna minni umsvifa félagsins árið 2017, þegar starfshlutfallið var að jafnaði um 35%.

Aðsetur

Grænni byggð hefur verið með starfsaðstöðu og aðsetur hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b síðan í febrúar 2017. Grænni byggð gerði samning við Skipulagsstofnun um tveggja ára starfsaðstöðu til febrúar 2019. Grænni byggð óskaði eftir því við Skipulagsstofnun að samningur um starfsaðstöðu yrði framlengdur fram á sumarið 2019, sem Hlökk Theodórsdóttir forstjóri Skipulagsstofnunar samþykkti.



*Hlökk Theodórsdóttir forstjóri
Skipulagsstofnunar og Þórhildur Fjóla
Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Grænni
byggðar*

Það hefur verið afar farsælt fyrir Grænni byggð að hafa aðsetur hjá Skipulagsstofnun. Þar er góður starfsandi, fagleg þekking og áhugi á málefnum Grænni byggðar. Einnig er þar afar góð fundaraðstaða fyrir stærri og minni fundi.

Skipulagsstofnun hefur tekið einstaklega vel á móti Grænni byggð og þakkar framkvæmdastjóri og félagið kærlega fyrir þennan góða tíma. Morgunfundir hafa verið haldnir reglulega þar sem fundaraðstaða Skipulagsstofnunar hefur verið nýtt, og hefur það reynst mjög vel. Staðsetningin er frábær og öll aðstaða er til fyrirmyndar. Einnig hefur verið gott fyrir framkvæmdastjórann að vera í góðum tengslum við fyrrverandi framkvæmdastjóra Grænni byggðar (Vistbyggðarráðs), Sigríði Björk Jónsdóttur, en hún starfar nú sem sérfræðingur hjá Skipulagsstofnun. Næsta starfsaðstaða verður hjá Háskólanum í Reykjavík.

Nýtt nafn, merki og heimasíða

Á árinu 2018 var samþykkt að breyta nafni félagsins úr Vistbyggðarráð í Grænni byggð og tengja nafnið markvissara við Green Building Council Iceland. Nýja lógóið var hannað af Önnu Jónsdóttur, grafískum hönnuði. Nýja heimasíðan er www.graennibyggd.is og nýja netfangið er gb@graennibyggd.is, heimasíða Vistbyggðarráðs var www.vbr.is og netfang Vistbyggðarráðs var vbr@vbr.is. Mikilvægt er að taka fram að starfsemin er óbreytt og þetta er sama félagið, en með nýtt nafn og lógó.

Nýja merki Grænni byggðar:




Eldra merki Vistbyggðarráðs:



Tekjur

Rekstrartekjur ársins 2018 námu um 9,6 milljónum króna, aðildagjöldin eru kjölfestan og mikilvægasta tekjulind Grænni byggðar og námu um 7,9 milljónum árið 2018. Styrkur upp á 1,5 milljónir frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu gerði okkur kleift að vinna verkefnið :“ Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi”. Sjá nánar um rekstrartekjur og rekstrarkostnaði Grænni byggðar í ársreikningi okkar.



Rannsóknarverkefni – samstarfssamningar við Mannvirkjastofnun

Það voru afar ánægjuleg tíðindi sem bárust Grænni byggð frá Mannvirkjastofnun í desember 2018. En Mannvirkjastofnun leggur verulega aukna áherslu á málefni sjálfbærni í byggingariðnaði árið 2019. Grænni byggð og Mannvirkjastofnun skrifuðu undir samstarfssamninga í desember um eftirfarandi rannsóknarverkefni:

- Gerð leiðbeininga og kortlagning á byggingarúrgangi
- Rannsóknum á hvernig hægt er að aðlaga erlend vistvottunarkerfi fyrir íslenskar byggingar
- Prófun á vistvottunarkerfum og gerð leiðbeininga um notkun þeirra fyrir íslenskar aðstæður.


Í verkefnastjórn verkefnanna sitja Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunnar, Jón Malmqvist Guðmundsson, sviðsstjóri byggingarsviðs Mannvirkjastofnunnar og Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Grænni byggðar.

Öflugir viðburðir í þágu grænni byggðar

Eins og kom fram hefur aðsetur Grænni byggðar til fundarhalda verið afar gott hjá Skipulagsstofnun. Grænni byggð hefur nýtt sér þetta og haldið fjölmarga morgunfundi í Borgartúni 7b. Hér að neðan er farið yfir viðburði ársins.

Morgunspjall: Reynslan af rafmagnsbíl 2 febrúar


Þann 2. febrúar 2018 var Grænni byggð með morgunspjall um reynsluna af rafmagnsbíl. Við fengum að heyra um reynsluna hjá Reykjavíkurborg frá Ólafi Indriða Halldórssyni, um reynslu Ómars Ragnarssonar af rafmagnsbíl/hjól og svo um hvernig fjölbýlishúsin eru að leysa þetta frá Daníeli Árnasyni hjá Eignaumsjón. Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir fór svo aðeins yfir hvernig Norsk yfirvöld hafa hvatt rafbílamarkaðinn áfram. Helsta drifjöður norðmanna í rafmagnsbíla kaupum er lár rekstrarkostnaður eins og sjá má á myndinni hér til hliðar.



Ástæðan fyrir því að norðmenn kaupa sér rafmagnsbíl, Heimild: Transport ökonomisk institutt

Morgunspjall: Virka Samgöngusamningar? 2 mars

Grænni byggð stóð fyrir morgunfundinum „Virka samgöngusamningar?“ 2. mars 2018. En umferðin á höfuðborgarsvæðinu jóks um 8% árið 2017 og samgöngur eru einn stærsti þátturinn í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Því er mikilvægt að reyna að stuðla að fjölbreyttari og vistvænni samgöngumátum. Á fundinn fengum við góðar heimsóknir frá fyrirtækjum og stofnunum sem eru með samgöngusamninga og þau fræddu okkur um stöðu mála. En það voru þær: Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri



Úr fyrirlestri Hólmfríðar Sigurðardóttur hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveitu Reykjavíkur, Lóa Birna

Birgisdóttir, verkefnastjóri heilsueflingar hjá Reykjavíkurborg, Hulda Steingrímsdóttir, verkefnistjóri umhverfismála hjá Landsspítalanum, Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra Hjólafærni á Íslandi, Þorbjörg Sandra Bakke, verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála hjá Háskóla Íslands og Elín Vignisdóttir, landfræðingur hjá Verkís verkfræðistofu. Kynningarnar frá fundinum eru aðgengilegar á heimasíðu Grænni byggðar. Fundurinn var fróðlegur og skemmtilegur.

Hönnunarmars – endurnýtt efni í hönnun 16. mars

Grænni byggð tók þátt í HönnunarMars, sem átti 10 ára afmæli 2018. Athygli Grænni byggðar snérist að Endurnýttu efni í hönnun og fengum við góða gesti til okkar og vorum með hádegisviðburð. Þau sem komu og fræddu okkur þennan dag um möguleika á því að nota endurnýtt efni í hönnun, eða að hanna með hringrás efna í huga voru þau: Thomas Pausz, hönnuður og verkefnastjóri MA í hönnun við Listaháskóla Íslands, Halldór Eiríksson, arkitekt hjá T.ark arkitektum, Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt hjá Teiknistofunni Tröð. Þórhildur Fjóla, framkvæmdastjóri Grænni byggðar var svo með fyrirlestur um hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði.



Morgunspjall: Borgin sem vistkerfi og blágrænar- ofanvatnslausnir 6. apríl

Grænni byggð bauð til morgunspjalls um "Borgin sem vistkerfi og blágrænar ofanvatnslausnir" í byrjun apríl. Fundurinn var mjög vel sóttur, en yfir 50 manns sóttu fundinn. Ása Lovísa Aradóttir, prófessor við Landbúnaðarháskólann fjallaði um borgina sem vistkerfi og Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri Alta fór yfir: Hvernig virka blágrænar regnvatnslausnir? Við fengum einnig að heyra um innleiðingu blágrænna regnvatnslausna í Reykjavík frá Írisi Þórarinsdóttur, Tæknistjóra fráveitu hjá Veitum og Snorra Sigurðssyni, líffræðing hjá Reykjavíkurborg. Að lokum fór svo Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor við Háskóla Íslands, yfir stöðuna á rannsóknum á blágrænum regnvatnslausnum. Þetta þema er mjög áhugavert og mikill áhugi er á þessu, en slíkar lausnir eru mikilvægar til þess að viðhalda



vistkerfum og auka aðlögunarhæfni þéttbýlis að loftslagsbreytingum.

Ráðstefna: Vistbyggðardagurinn, Grænni borg! 26. apríl

Þann 26. apríl hélt Grænni byggð sinn fyrsta formlega dag hátíðlegan í Veröld húsi Vigdísar. Dagurinn er ráðstefna um sjálfbærni í byggingariðnaði og skipulagi. Fyrirmynd að slíkum degi er t.d. frá Steinsteypudeginum og degi Verkfræðinnar. Dagurinn var afar ánægjulegur og vel sóttur af fagfólki og einnig kom tölvvert af háskólanemum. Dagurinn var unnin í samstarfi við Framkvæmdasýslu Ríkisins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Mannvirkjastofnun.



Sérstakur gestur ráðstefnunnar var Mette Qvist, en hún er framkvæmdastjóri dönsku systursamtaka Grænni byggðar, eða Danish Green Building Council, DGBC. Forstjóri Framkvæmdasýslunnar, Guðrún Ingvarsdóttir, fór yfir grænar áherslur þeirra í nútíð og framtíð, og eru fjölmörg umhverfisverkefni og umhverfissvottunarverkefni á dagskrá hjá þeim. Við fengum einnig Borgarstjóra í heimsókn, Dag B. Eggertsson, en hann fjallaði um þau verkefni sem Reykjavíkurborg er að vinna að til þess að stuðla að bættu borgarumhverfi. Fjölmörg fleiri áhugaverð erindi voru flutt á degi Grænni byggðar, dagskrá ráðstefnunnar má sjá í viðhengi A.

Aðalfundur 26. apríl og auka aðalfundur 28. maí

Aðalfundur Grænni byggðar 2018 var haldinn 26. apríl í Veröld húsi Vigdísar strax í kjölfar ráðstefnunnar: Vistbyggðardagurinn, Grænni borg! Þar var samþykkt að aðildagjöld yrðu hækkuð um 10%, sem tæki gildi 2019 fyrir aðildaflokka 1-3. Þar var líka kynnt stefnumótun stjórnarinnar varðandi nafnabreytingu og aðildaumsókn til World Green Building Council. Það hafði ekki verið send út formleg lagabreytingatillaga varðandi nafnabreytingar fyrir aðalfundinn 26. apríl, og var því ákveðið að halda annan aðalfund 28. maí. Þá var lagabreytingin um nafn félagsins formlega kynnt með löglegum fyrirvara og samþykkt einróma af þeim sem sóttu auka-aðalfundinn.

Lýðheilsa, loftslag og samgöngur 15. maí

Í samstarfi við Samtök um Bíllausan Lífstíl (SUBL), Hjólavottun, Landsamband hjólréiðamanna var haldinn umræðufundur um: Lýðheilsu, Loftslag og Samgöngur, þar sem einnig fór fram pallborð með frambjóðendum í Reykjavík fyrir sveitastjórnakosningar. Viðburðurinn var vel sóttur og var haldinn á KEX Hostel. Fundarstjóri var Ketill Berg Magnússon, þáverandi framkvæmdastjóri hjá Festu. Á fundinum fengum við erindi frá Gígju Gunnarsdóttur frá Embætti landlæknis, um lýðheilsu- og tengd samgöngum; Sigurði Thorlacius, umhverfisverkfræðingur hjá EFLU, um loftslagsmál og frá Þorsteini R. Hermannssyni, Samgöngustjóra Reykjavíkurborgar, um samgöngur.

Hádegisheimsókn í Efnismiðlun Sorpu 27. júní

Grænni byggð og Arkitektafélag Íslands stóðu fyrir opinni heimsókn í Efnismiðlun Sorpu miðvikudaginn 27. júní. Guðmundur Tryggvi Ólafsson hjá Sorpu tók á móti okkur.

Um 25 manns heimsóttu Sorpu þetta hádegis í júní. Grænni byggð og Arkitektafélagið fagna því að Sorpa er að einfalda aðgengi að endumýttu byggingarefni.



Morgunspjall: Sjálfbærni í Grænenskum byggingariðnaði 17. ágúst


Grænni byggð stóð fyrir morgunverðarfundum 17. ágúst um hvað Ísland getur lært varðandi grænar lausnir í byggingariðnaði frá Grænlandi og hvernig er hægt að nýta vistferilsgreiningu til þess að gera byggingar umhverfisvænni.

Grænlandingar hafa sett sér háleitt markmið og eru að hanna og nýta sjálfbærniverkfæri til þess að hámarka gæði og sjálfbærni bygginga. Ragnar Ómarsson byggingarfræðingur hjá Verkís, var með kynningu á fundinum en hann hefur verið að vinna við sjálfbærniráðgjöf fyrir dönsku ríkisstjórnina í grænenskum byggingariðnaði.

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, umhverfisverkfræðingur hjá EFLU verkfræðistofu, var með kynningu um hvernig hægt er að nýta vistferilsgreiningu í byggingariðnaði til þess að hanna umhverfisvænar og sjálfbærar byggingar.

Vinnustofa: Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi? 6. september

Verkefnið: Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi, fékk styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í mars 2018. Verkefnið og vinnustofan var unnin í samstarfi við Verkís verkfræðistofu, EFLU verkfræðistofu, Mannvit verkfræðistofu og VA arkitekta. Sem hluti af því verkefni var haldinn opinn vinnustofa um hvaða umhverfiskröfur eigi við, hver krafan á að vera og hvaða vægi hver krafa á að hafa í eftirfarandi málaflokkum:



- Úrgangur (Hópstjóri Elín Vignisdóttir, Verkís)
- Orkunotkun og stýring (Hópstjóri Þórhildur Fjóla, Grænni byggð)
- Innivist (Hópstjóri, Sandra Rán Ásgrímsdóttir, Mannvit)
- Efnisnotkun (Hópstjóri Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, EFLA)
- Lóðamál og vistvænar samgöngur (Hópstjóri Ólöf Kristjánsdóttir, Mannvit)
- Rýmisnýtni/Sveigjanleiki (Anna Sigríður Jóhannsdóttir, VA arkitektar)

Góð þátttaka var á vinnustofunni, en tæplega 70 manns mættu í Rúgbrauðsgerðina í Borgartúni þennan morgun. Fundarstjóri var Guðmundur Haukur Sigurðsson hjá Vistorku á Akureyri.

Ráðstefna um byggingarúrgang 8. nóvember

Grænni byggð í samstarfi við FENÚR og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir ráðstefna um byggingarúrgang 8. nóvember sem haldinn var á Nauthól. Ráðstefnan var vel sótt, um 100 manns sóttu ráðstefnuna og þar voru flutt fjölbreytt erindi um flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu. Meðal fyrirlesara var Eirík Wærner,



sérfræðingur í byggingarúrgangi og ráðgjafi hjá Multiconsult í Osló. Dagskrá ráðstefnunnar og fyrirlestra má nálgast á heimasíðu Grænni byggðar.

Morgunspjall: Græni stígurinn í græna treflinum 1. nóvember

Þann 1. nóvember var haldinn morgunfundur um „Græna stíginn í græna treflinum“ með Skógræktarélagi Íslands og Landslagi. Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslag og Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélagins komu og kynntu fyrir okkur verkefnið.

Græni trefillinn á að vera sameiginlegt útivistarsvæði í upplandi höfuðborgarsvæðisins. Verkefnið er orðið nokkurra ára og hefur vinna við það legið niðri í einhvern tíma, en fyrst var byrjað að tala um verkefnið upp úr 1990.

Þetta er afar flott og þarft verkefni, sem Grænni byggð hvetur ríki og sveitarfélögin til þess að setja í forgang.

Fögnuður – 1. nóvember

Grænni byggð fagnaði nafna-breytingu og aðild að World Green Building Council 1. nóvember í húsnæði Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Þar voru léttar veitingar í boði og góður hópur saman kominn til þess að fagna þessum áfanga með félaginu. En við fengum skemmtileg erindi frá: Dr. Páli Líndal, umhverfis-sálfræðingur hjá PRS ráðgjöf, sem fjallaði einfaldlega um það að Sálfræði skiptir öllu máli. Svo kom einnig Hrólfur Karl Cela frá Basalt arkitektum og fyrrverandi stjórnarmaður í Grænni byggð og fjallaði verðlaunaverkefnið: The Retreat at Blue Lagoon.



Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, stjórnarformaður fór svo aðeins yfir þýðingu aðildar fyrir Grænni byggð og tónlistarkonan Lay Low lék svo fyrir gesti nokkur vel valinn lög.

Morgunspjall: Viðmið um vistvæna byggingu 22. nóvember

Morgunspjall um Viðmið fyrir vistvæna byggingu var haldin í húsakynnum Verkís í Ofanaleiti 2, 22. nóvember. En þar voru niðurstöður vinnustofunnar 6.

september um: Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi, kynntar og ræddar. Kynninguna frá fundinum má nálgast á heimasíðu Grænni byggðar. Við fengum kynningar frá Gyðu Mjöll Ingólfsdóttur, EFLU verkfræðistofu, Ólöfu Kristjánsdóttir, Mannvit, Söndru Rán Ásgrímsdóttur, Mannvit, Þórhildi Fjólu Kristjánsdóttur, Grænni byggð og svo Önnu Sigríði Jóhannsdóttir, VA arkitektum. Þetta var einn fjölsóttasti morgunfundur Grænni byggðar frá upphafi, og mikill áhugi var á viðburðinum á Facebook, þar sem 102 höfðu hug á að mæta og yfir 450 manns voru áhugasamir um viðburðinn.

Morgunspjall: Hönnun á gatnamótum fyrir fjölbreyttan ferðamáta 6. desember

Í samstarfi við Skipulagsstofnun var haldinn morgunfundur um gæðahönnun á gatnamótum fyrir fjölbreyttan ferðamáta. Fundurinn var afar vel sóttur og góðar umræður voru einnig eftir fundinn. Fyrirlestrar frá fundinum eru aðgengilegir á heimasíðu Grænni byggðar. Erindi fundarins voru eftirfarandi:

- Skipulagsmál og ferðavenjur, Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir, Skipulagsstofnun
- Borgin, áskoranir og framtíðarsýn varðandi fjölbreyttar samgöngur, Edda Ívarsdóttir, Reykjavíkurborg
- Hönnunarleiðbeiningar, Bryndís Friðriksdóttir, EFLA
- Hönnun gatnamóta með áherslu á almenningssamgöngur, Lilja Guðríður Karlsdóttir, Viaplan
- Hönnun gatnamóta með tilliti til hjólréiða, Hörður Bjarnason, Mannvit
- Hönnun gatnamóta við þjóðvegi Erna B Hreinsdóttir, Vegagerðin.

Hönnun með tilliti til hjólréiða



Ljósagatnamót í Hollandi



Úr kynningu Harðar Bjarnasonar hjá Mannvit

Innganga í og þáttaka í starfsemi World Green Building Council

Í júní 2018 sótti Grænni byggð um aðild að World Green Building Council. Aðildarumsóknin var samþykkt af stjórn WGBC. Formlega innganga Grænni byggðar í samtökin var svo 1. nóvember 2018. Núverandi aðild Grænni byggðar að WGBC er á svokölluðu „prospective status“ en það er fyrsta stig aðildar.

Grænni byggð tók þátt í fögnuði í Osló í maí, þegar Norwegian Green Building Council sameinaðist Grønn Byggallianse og haldinn var fundur með norrænum Green Building Councils. Einnig tók Grænni byggð þátt í European Network fundi í Amsterdam í september.



Frá fundi European Network of Green Building Councils í Amsterdam, september 2018

Þátttaka í viðburðum

Málstofa um Sjálfbærni í byggingariðnaðinum með Endurmenntun Háskóla Íslands mars

Endurmenntun Háskóla Íslands stóð fyrir námskeiði um sjálfbærni í byggingariðnaði í mars í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, Mannvirkjastofnun, Matsmannafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands og Grænni byggð. Á þessari málstofu var fjallað um sjálfbærni í byggingariðnaði og þá þrjá þætti sem skipta máli við hönnun sjálfbærra bygginga: umhverfi, efnahagur og samfélag. Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir fjallaðu um umhverfispáttin, Ragnar Ómarsson fjallaði um fjárhagslega sjálfbærni og Aðalheiður Atladóttir og Bjarki Gunnar Halldórsson, fjölluðum um samfélagslega sjálfbærni.

Hallbara hus í Kaldt klimat nóvember

Norrænahúsið stóð fyrir málstofunni: Hállbara hus í kallt klimat - Sjálfbær hús í köldu loftslagi. Fundurinn var haldinn í tilefni þess að bókin: „Hállbara hus í kallt klimat“ var að koma út. En í þessari bók er meðal annars fjallað um fyrsta Svansvottaða einbýlishúsið á Íslandi. Grænni byggð var með stutta kynningu á fundinum.

Umhverfisdagur atvinnulífsins október

Grænni byggð var boðið að vera með erindi á Umhverfisdegi atvinnulífsins 17. október 2018 um Vistvæn mannvirki. Þátttaka í viðburðinum var afar ánægjuleg.

Fræðsluefni

Á árinu var unnið að uppfærslu á heimasíðu Grænni byggðar þar sem fræðsluefni sem Grænni byggð (Vistbyggðarráð) hefur unnið og tekið saman er aðgengilegt. Einnig er þar að finna fyrirlestra frá fjölmörgum viðburðum félagsins. Unnið var að skýrslunni „Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi“ á árinu og samantekt á því verkefni gerð aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Faghópar

Faghópurinn sem vann að verkefninu: Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi var virkur árið 2018. Einnig má segja að það hafi verið starfræktur faghópur við skipulagningu á ráðstefnunni um Byggingarúrgang og Vistbyggðardaginn. Fjölmarginir aðilar unnu mikið og gott starf á árinu, t.d. með þátttöku í faghópum eða aðkomu að skipulagningu/samstarfi varðandi fræðsluviðburði.

Samtal við yfirvöld

Grænni byggð sendi inn athugasemdir sínar um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum í samráðsgátt stjórnvalda, sem má finna á heimasíðuokkur. Grænni byggð átti fund með Sigurði Inga Jóhannssyni, Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðerra í nóvember og kynnti honum áherslur sínar varðandi aðgerðir sveitafélaganna og í samgöngumálum. Fundurinn var ánægjulegur og að mati Grænni byggðar tók ráðherra vel í áherslur okkar. Grænni byggð hefur líka tekið saman áherslur sínar í Grænni pólitík, sem eru aðgengilegar á heimasíðu Grænni byggðar, en þar ber hæst að mikilvægt er að hvetja markaðinn í sjálfbærri og vistvænni átt með fjárhagslegum umbunum.



Styrkir

Grænni byggð fékk samþykkt tvo styrki frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á árinu 2018:

Rekstrarstyrk upp á 100.000 kr

Verkefnastyrg upp á 1.500.000 kr (Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi)

Grænni byggð sótti um eftirfarandi styrki árið 2018:

- Rekstrarstyrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.
- Verkefnastyrg til UAR í verkefnið: Leiðbeiningar um umhverfisvænan rekstur fjölbýlishúsa.
- Verkefnastyrg til UAR í verkefnið: Heimsmarkmiðin og hið byggða umhverfi.
- Verkefnastyrg til Landsbankans í verkefnið: Heimsmarkmiðin og hið byggða umhverfi.

Fjölmiðlar

Í mars var umfjöllun um morgunspjall Grænni byggðar um samgöngusamninga í hádegisfréttum á RÚV, en þá var tekið viðtal við Huldu Steingrímsdóttur hjá Landspítalanum.

Þórhildur Fjola var í útvarpsviðtali í tengslum við umræðufund um loftslag og lýðheislú hjá Harmageddon og í morgunútvarpinu á Rás 1 í maí.

Í morgunútvarpinu á Rás 1 var rætt við Ragnar Ómarsson, byggingarfræðing hjá Verkís um sjálfbærni áherslur í grænenskum byggingariðnaði, þetta var í ágúst í tengslum við morgunfund um málefnið.

Í tengslum við Vinnustofuna um Viðmið fyrir vistvæna byggingu var viðtal við Guðmund Haukur Sigurðsson, hjá Vistorku og fundarstjóra vinnustofunnar í morgunútvarpinu á RÁS 1 í nóvember.



Iceland Review fjallaði um inngöngu Grænni byggðar í alþjóðlegu samtökin World Green Building Council í nóvember 2018.

Grænni byggð var í sjónvarpsfréttum á Stöð 2 þar sem fjallað var um notkun timburs og umhverfisvæna steypu í íslenskum byggingariðnaði í desember.

Viðhengi A)

Dagskrá Vistbyggðardagsins! Grænni borg.

VISTBYGGÐARDAGURINN / GRÆNNI BORG!

MÁLÞING FIMMTUDAGINN 26. APRÍL KL: 13-16:30 Í VERÖLD, HÚSI VIGDÍSAR



13:00 Velkomin
Þórhildur Fjöla Kristjónsdóttir, framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs

13:05 Green Building solutions in Denmark
Mette Qvist, framkvæmdastjóri Green Building Council Denmark

13:35 Grænar áherslur Framkvæmdasýslunnar – nútíð og framtíð
Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins

13:50 Græn bygging í íslensku samhengi
Ólafur H. Wallevik, prófessor við líft og forstöðumaður Rb. hjá Nýsköpunarmiðstöð

14:00 Grænar lausnir í Reykjavík
Ólafur B. Eggertsson, borgarstjóri

14:15 Green urban planning, solutions for Reykjavík
Eric Holding, architect and urban designer

14:45 Kaffihlé

15:00 Minni sóun, vistvæn þróun
Þóður Karlsson, gæða- og öryggisstjóri Íslensku aðalverktaka (ÍAV)

15:15 Ógöngur í bílaborg
Gísli Martinn Baldursson, borgarfræðingur

15:30 Græn Búseta til framtíðar
Ágústa Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Búseta

15:40 BREEAM vottun og grænar lausnir
Helga Jóhanna Björnsdóttir, EFLA, Elín Vignisdóttir, Verkð, Sandra Rón Ágústsdóttir, Mannvirk

16:05 Reynsla IKEA: Bygging svansvottaðs fjölbýlishúss
Guðný Kandelía Árnadóttir, markaðs- umhverfisfulltrúi IKEA

16:15 Staðan og framtíðaráskoranir í byggingariðnaði
Bryndís Skúladóttir, Samtök iðnaðarinnar

16:30 Léttar veitingar/Aðalfundur Vistbyggðarráðs kl. 17-18:30






Skráning á vbr@vbr.is, verð 6.000 kr. fyrir aðila að Vistbyggðarráði, 9.000 kr. fyrir aðra, 2.000 kr. fyrir háskólanema.

Grænni byggð / Green Building Council Iceland

www.graennibyggd.is

gb@graennibyggd.is

www.facebook.com/graennibyggd